

Leiðari forstjóra

Ágætu framleiðendur. Fyrir hönd hérumbil 400 samstarfsmanna ykkar hjá Auðhumla og Mjólkursamsölnunni óska ég ykkur gleðilegrar jólahátíðar og þakka traust og góð samskipti á liðnu ári. Í huga allra sem starfa í iðnaðarluta mjólkurvöruframleiðslunnar verður árið 2010 ár uppskerunnar. Okkur hefur í samstarfi við bændur tekist að byggja upp traust og öflugt vinnslufyrirtæki, með stöðir í öllum landshlutum. Það eru horfur á að reksturinn sé kominn í nokkuð traust og öruggt horf. Það byggir í fyrsta lagi á nánu sambandi við neytendamarkaðinn sem hefur sýnt mjólkurvörum mikla trygð í krepunni. Í öðru lagi byggir árangurinn á mikilli skipulags- og hagræðingavinnu undanfarin ár. Í þriðja lagi byggir þetta á góðu sambandi við eigendur félagsins sem hafa skilning á að þeir njóta ávaxtana af þessari starfsemi jafnt í hráefnisverði og rekstrarafkomu.

Við áramót er vert að horfa fram á veginn og velta fyrir sér horfum í þessari grein í náinni framtíð. Allar spár benda til þess að vægi matvælaframleiðslu og matvælavinnslu í heiminum muni aukast á næstu árum, m.a. vegna breyttra neysluháttanna í gríðarfjölmennum löndum á borð við Kína, Indland, Mexíkó og Brasilíu. Matvæla- stofnun Sameinuðu þjóðanna spáir því að á næstu 10 árum muni þörf fyrir dýrprótein í heiminum vaxa um 50%. Þar vegur mjólkurframleiðsla þungt. Verð á heimsmarkaði hefur farið hækkandi að undanförunu og gert er ráð fyrir að þær hækkningar gangi ekki til baka. Verð kunni heldur að styrkjast. Þetta eru góðar fréttir fyrir bændur. Í þessari stöðu kunna að liggja ákveðin tækifæri en aðrar hræringar í umhverfinu, líkt og ESB umsókn íslenskra stjórnvalda, eru einnig ákveðin ógn. Það verður því mikilvægt á næstu misserum og árum fyrir íslenska bændur og fyrirtæki á þeirra vegum að fylgjast vel með framvindunni og veita sterkt aðhald þeim sem móta umgjörð þessarar starfsemi þannig að við getum sem best bægt frá okkur ógnum og nýtt tækifærin.

Glæsilegt innvigtunarahús á Akureyri

Fyrsti mjólkurfarmurinn var vigtaður inn í nýju innvigtunarahúsi við vinnslustöð MS á Akureyri 11. desember. Þar verða nú vigtaðar inn um 35 milljónir lítra af mjólk á hverju ári. Húsið, sem er búið nýjasta tæknibúnaði, gerbreytir vinnuáðstöðu við innvigtun í vinnslustöðina og skapar möguleika á hagræðingu, sem er grundvöllur þessarar fjárfestingar. Nýja innvigtunarahúsið gefur færi á að bæta meðhöndlun hráefnis og einnig að treysta rekjanleika framleiðslunnar enn frekar. Bygging þess er því einnig liður í að bæta gæði í mjólkurvinnslunni norðanlands. Þetta er einingahús, steypt í Borgarnesi og sett upp á Akureyri í tveimur áföngum. Í fyrrahaust



var byggingin reist, en síðan gengið frá öllu innanstokks og utan í sumar og haust. Auðhumla byggir húsið og leigir til Mjólkursamsölnunnar. Heildarbyggingakostnaður er um 150 milljónir króna. Gamla innvigtunaraðstaðan var barn síns tíma og verður nú breytt í geymsluhúsnæði, sem sárlega vantar í vinnslustöðinni á Akureyri.

Í tilefni af opnun nýja innvigtunarahússins verður Mjólkursamsalan á Akureyri með opið hús fyrir framleiðendur í janúar og verður tilkynnt um það sérstaklega.

Rekstrarstöðvunartrygging

Auðhumla hefur endurnýjað rekstrarstöðvunartryggingu bænda eftir útboð á tryggingunni nú í haust. Í útboðsskilmálum var gert ráð fyrir að auk þeirrar tryggingaverndar sem bændur hafa notið verði bætt við vátryggingavernd vegna salmonellasýkingar. Vátryggt er framlegðartap af völdum bruna, óveðurs og vegna salmonellu-sýkingar.

Lang hagstæðasta tilboðið í þessar tryggingar barst frá vátryggingafélaginu Verði og gengið hefur verið frá samningum sem taka gildi nú um áramótin og eru til þriggja ára. Auðhumla er vátryggingataki og tryggir fyrir hönd allra félagsmanna sinna öll kúabú í rekstri þeirra. Þeir sem að einhverjum ástæðum vilja ekki njóta þessara tryggingaverndar tilkynni það til Auðhumla fyrir n.k. áramót.

Vátryggingarfjárhæðin er tvöfaldar brúttóárstekjur (framleiðsluréttur að viðbætti umframframleiðslu) að teknu tilliti til 4% verðbóta á ári og 5% aukakostnaðar. Viðmiðunarverð í greiðslumarki er kr. 105 fyrir hvern lítra. Bótatíminn er 24 mánuðir vegna bruna- og



foktjóna en 12 mánuðir vegna tjóna af völdum salmonellusýkingar. Biðtími vegna tjóna af völdum salmonellusýkinga er 14 dagar.

Allar nánari upplýsingar gefur Kristján Björgvinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kristjanb@ms.is

Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf. 12. nóvember

Fulltrúaráð Auðhumlu kom saman til fundar í Reykjavík 12. nóvember síðastliðinn. Fundinn sátu á sjötta tug fulltrúa auk stjórnenda Auðhumlu og Mjólkursamsölnunnar. Fundurinn var tvískiptur, annars vegar var farið yfir stöðu og rekstur Mjólkursamsölnunnar og hins vegar var rætt og fjallað um mótun stefnu í mjólkurframleiðslu og iðnaði til lengri tíma.

Á fundinum kom fram að rekstur í mjólkuriðnaði gengi nú betur en nokkur undangengin ár. Á fundinum var farið yfir með hvaða hætti grunnur var lagður að þessum umskiptum með hagræðingu í rekstri og öfluglu vörubrúunar og markaðsstarfi. Velta Mjólkursamsölnunnar verður um 17,4 milljarðar króna á árinu. Meðal þess sem fram kom á fundinum var að horfur eru á að innri kostnaður Mjólkursamsölnunnar, þ.e.a.s. kostnaður af öðru en hráefnis- umbúða og íblöndunarefniskaupum, muni lækka um á liðlega 300 milljónir króna milli ára. Hagræðingu í innri starfsemi Mjólkursamsölnunnar undanfarin ár hefur verið skilað út úr fyrirtækinu jafnóðum í gegnum hækkanir á hráefnisverði og erlendum aðföngum og í gegnum raunlækkun á vöruverði. Stærstu verkefni í rekstrarhagræðingu eru nú á sviði mjólkursöfnunar og afurðaflutninga. Á fundinum kom fram að sala mjólkurvara stendur traustum fótum og hefur ekki minnkað eins og önnur dagvörusala á markaði sem hefur dregist saman um 10%. Hefði sambærilegur samdráttur orðið í mjólkurvörusölu hefði það þýtt á aðra milljón í tapaðar tekjur fyrir hvert meðalkúabú í landinu.

Hagrætt í flutningum

Á fulltrúafundi Auðhumlu í nóvember var gerð sérstök grein fyrir vinnu við endurskipulagningu á flutningakerfum Mjólkursamsölnunnar. Félagið er í hópi þriggja stærstu flutningafyrirtækja á landinu, safnar árlega liðlega 120 milljónum lítra af mjólk á 640 bæjum víðs vegar um land, ekur mikilu magni hráefnis og afurða

milli vinnslustöðva og dreifir síðan afurðum um allt land. Að mati stjórnenda félagsins eru í flutningakerfunum einhver stærstu tækifæri til hagræðingar sem völ er á í starfseminni. Markmiðið er að ná fram allt að 200 milljóna króna hagræðingu á tveimur árum. Meginmarkmiðið í þessu verkefni eins og öðrum hagræðingarverkefnum er að draga úr kostnaði við söfnun, vinnslu og dreifingu sem gefur félaginu færi á að tryggja bændum hærra afurðaverð og markaðnum góða vöru á samkeppnisfærara verði. Í flutningabættinum næst þetta fram með því að félagið breytir og tekur sjálf yfir millibúaflutninga þar sem magnið gefur færi á fullnaðarnýtingu flutningatækja, með því að endurskipuleggja mjólkursöfnun og dreifingu í dreifðari byggðum, þar sem þetta er hægt að gera með sömu tækjum og mannskap, með því að færa tæki milli landshluta til að hámarka nýtingu þeirra, með því að skipta söfnunarsvæðum upp á nýtt o.s.frv.

Þessar breytingar eru umsvifamiklar og ná til allra söfnunar- og dreifisvæða MS. Skipulagsvinnan er á lokastigum. Lokaáfanginn, sem þegar er hafist handa við, er söfnun og dreifing í Húnavatns-sýslum og í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Það er viðbúið að jafn viðamikil endurskoðun og þessi leiði til einhverra breytinga á tímasetningum í söfnun og dreifingu og í einhverjum undantekningartilvikum kann að þurfa að breyta til oftast en einu sinni til að finna heppilegustu lausnir. Stjórnendur MS vilja koma á framfæri þakklæti til bænda, bílstjóra og smásöluaðila fyrir þolinmæði, aðstoð og ábendingar sem félaginu hafa borist í tengslum við þetta verk.

Meðal stærstu verkefna á þessu sviði eru flutningar á birgðavöru milli Akureyrar og Reykjavíkur. Félagið tók sjálf yfir þessa flutninga frá verktaka á árinu og árangurinn byrjaði þegar að koma fram í september 2010. Verið er að meta hagkvæmni í annarri undirverktöku fyrir félagið. Í eigin flutningakerfi hefur félagið þegar náð að taka úr starfseminni þrjá söfnunar- og flutningabíla og væntir þess að geta innan skamms lagt þremur stórum bílum til viðbótar.

Áform eru um að taka í notkun stærri söfnunarbíla á þeim leiðum sem það hentar. sem gera meiri kröfur um aðgengi að mjólkurhúsum. Við munum gera úttekt á aðgengi mjólkurbíla og óskum eftir samstarfi við mjólkurframleiðendur um að koma því í viðunandi horf. Allt með það að markmiði að gera mjólkurflutninga eins hagkvæma og kostur er.

Nýtt kálfaduft

Mjólkursamsalan er að ljúka þróun á nýju kálfadufti, sem sett verður á markaðinn um áramót. Duftið er unnið úr fitustilltri mjólk og síuvökva úr skyrframleiðslunni. Markmiðið er að geta boðið uppá fyrsta flokks vöru á góðu verði og gert er ráð fyrir að nýja duftið verði í boði hjá smásölum á nýju ári. Framleiðslan er að fara af stað og gert er ráð fyrir að vinnslustöðin á Selfossi verði komin í full afköst fyrir mitt næsta ár.

Með félagskveðju,
Einar Sigurðsson forstjóri